

Skýrsla stjórnar 2018

Stjórn félagsins árið 2017-2018:

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, formaður
Birna Svanbjörnsdóttir, ritari
Sólveig Jakobsdóttir, gjaldkeri
Annadís Gréta Rudolfsdóttir
Guðlaug Erlendsdóttir
Guðrún Ragnarsdóttir
Varamenn:
Steinunn Helga Lárusdóttir
Ingvar Sigurgeirsson

Fundir stjórnar

Ný stjórn var kosin á aðalfundi 13.mars 2017 og hélt alls 5 fundi á tímabilinu apríl 2017 til janúar 2018, þar af tvo fundi með samstarfsaðilum vegna ráðstefnunnar í maí 2018. Hermína Gunnþórsdóttir, annar af tveimur ritstjórum Tímarits um uppeldi og menntun kom tvisvar inn á fundi stjórnar til að ræða mál sem lutu að ritstjórnarmálum og útgáfu tímaritsins. Skype nýttist vel til að funda með fulltrúum sem staddir voru utan höfuðborgarsvæðis, s.s. á Akureyri, Grindavík, Þýskalandi og Malawi. Þá hefur stjórnin einnig nýtt lokaðan fésbókarhóp til að ræða og ganga frá málum.

Markmið félagsins samkvæmt lögum eru:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að

1. skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
2. stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
3. efla tengsl og samstarf félaganna
4. stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis - og menntamálum hér á landi og erlendis
5. efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Kynningarmál

Formaður hefur séð um að uppfæra heimasíðu og fésbókarsíðu FUM. Heimasíðan var aðeins löguð til, til dæmis bætt við vefslóðum á helstu tímarit á sviði menntavísinda og einnig settur inn myndrænn hlekkur á fésbókarsíðu. Heimasíðan hefur að geyma helstu upplýsingar um félagið og starfsemi þess. Vakin er athygli á því að þar er hægt að sjá fundargerðir nokkur ár aftur í tímann. Fésbókarsíðan var notuð sumarið 2017 til að vekja athygli á greinum í tímaritinu um uppeldi og menntun. Ástæða er til að hvetja félagsmenn til vekja athygli á félaginu til að efla starfsemi þess enn frekar, t.d. með því að líka við fésbókarsíðuna og hvetja fb-vini til að líka við síðuna. Þannig munu fleiri einstaklingar fréttu af félaginu og fréttir og tilkynningar fara víðar.

FUM var með bás á Menntavíki, ráðstefnu Menntavísindasviðs í október 2017. Þar gafst tækifæri á að kynna félagið og skráðu 10 nýir félagar sig í félagið. Einnig var tækifærið notað til að gefa eldri tímarit til gesta og gangandi.

Tímarit um uppeldi og menntun

Á árinu 2017 sá FUM um að greiða laun annars af tveimur ritstjórum Tímarits um uppeldi og menntun. Í janúar 2018 rann út samningur milli Menntavísindasviðs og Félags um menntarannsóknir um útgáfu Tímarits um uppeldi og menntun. Á fundi með Menntavísindasviði og Háskólanum á Akureyri sem haldinn var 2. febrúar 2018 var ákveðið að MVS og HA tækju alfarið yfir rekstur og útgáfu á Tímariti um uppeldi og menntun. Félag um menntarannsóknir á áfram fulltrúa í ritnefnd og tekur að sér áfram að skapa á hverju ári vettvang til umræðu um menntarannsóknir.

Undirbúningur undir ráðstefnu í maí 2018

Stjórn ákvað strax á fyrsta fundi að stefna að því að halda ráðstefnu um menntamál vorið 2018 og bjóða ýmsum hagsmunaaðilum til samstarfs. Haldnir hafa verið tveir undirbúningsfundir Fyrri fundurinn var haldinn 28. september og sá síðari 10. sktóber. Næsti undirbúningsfundur verður haldinn miðvikudaginn 1. mars kl. 15.00 þar sem farið verður yfir innsend erindi og endanlegt skipulag ráðstefnunnar. Um 28 erindi hafa verið send inn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ákveðið að styrkja ráðstefnuna um 250.000 kr.

Samstarfsaðilar eru:

Menntavísindasvið Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli, Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Samband íslenskra framhaldsskólanema, Umboðsmaður barna, Menntavísindastofnun HÍ og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Markmið ráðstefnunnar er að leiða saman fagfólk, fræðimenn, fulltrúa stjórnvalda, nemendur og foreldra til að ræða sameiginlega ábyrgð á mótun og framkvæmd menntastefnu. Á ráðstefnunni verður fjallað á heildstæðan hátt um menntun og tengsl formlegs og óformlegs náms; um öll skólastig frá leikskóla til háskóla og um óformlegt nám, æskulýðs- og tólmundastarf og menntun sem fólk aflar sér utan við skólakerfið. Við lifum á tímum þar sem margvísleg öfl móta og breyta menntakerfinu; tækni, menning og stjórnmál. Kallað er eftir erindum sem varpa ljósi á þessi öfl út frá reynslu og sjónarhorni ólíkra hagsmunaaðila.

Aðalfyrirlesarar verða Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og Dr. Helen Janc Malone, Director of Institutional Advancement and Education Policy við Institute of Educational Leadership í Washington.

Ráðstefnan mun fara fram í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð og reynt verður að halda ráðstefnugjaldi í lágmarki. Félagsmenn munu greiða lægra gjald en aðrir, enda nýtast félagsgjöldin til að bera hluta kostnaðar. Sú hugmynd hefur komið fram að gefa út sérřit tengdu ráðstefnunni og verður ný stjórn að taka afstöðu til þess.

Horft til framtíðar

Aukin tilboð til félaga. Breytt aðkoma að Tímariti um uppeldi og menntun hefur í för með sér að það skapast svigrúm til að nýta félagsgjöldin á annan hátt í þágu félaga, s.s. með námskeiðahaldi, fræðslu og málþingum. Ákveðin hefð hefur skapast um að halda stærri ráðstefnu annað hvert ár. Hugsanlega mætti sjá fyrir sér að FUM stæði fyrir umfangsmeiri fræðsluviðburð, námskeiðum eða vettvangsferðum, innanlands eða erlendis, hitt árið fyrir félagsmenn.

Þróunarstarf í sviði menntunar. Stjórn telur sóknarfæri að efla umfjöllun um þróunarstarf og fagþróun á sviði menntunar, hvort sem um er að ræða formlega eða óformlega menntun. Til dæmis gæti félagið staðið fyrir því annað hvert ár að veita viðurkenningu fyrir framsækið og öflugt

þróunarstarf. Áfram þarf að efla umræðu um tengsl rannsókna og vettvangs. Þróunarverkefni eru góð leið til að varpa ljósi á þau tengsl.

Fjölgun félaga. Til að efla umræðu um menntarannsóknir og tengsl þeirra við starfsvettvang og fagþróun á þessu sviði er mikilvægt að fjölga félögum.

Samstarf við tengd alþjóðafélög. Til umræðu hefur komið að efla tengsl við NERA og einnig að halda áfram góðu samstarfi við skoska menntafélagið sem kom að ráðstefnu FUM árið 2016.

Lög félagsins. Mögulega er orðið tímabært að endurskoða lög félagsins og leggjum við það í hendur nýrrar stjórnar að skoða það.